

Tímasetningar skólaslita

fimmtudaginn 7. júní:

- Kl. 8:10 - 1. bekkur
- Kl. 09:00 - 2. bekkur
- Kl. 10:00 - 3. bekkur
- Kl. 10:30 – 8.-9. bekkur
(Ath. 8.-9.b mæti í Vallakór)
- Kl. 11:00 - 4. bekkur
- Kl. 12:00 - 5. bekkur
- Kl. 13:00 – 6.-7. bekkur

Útskrift 10. bekkjar verður
miðvikudag 6. júní kl. 16:00

Kæra skólasamfélag

Þá er það endasprennturinn í vetur, aðeins tæpar fjórar vikur eftir af skólaárinu. Í þessu fréttabréfi er að finna skipulag síðustu viknanna í grófum dráttum en eins og venjulega brestur á með vorferðum af ýmsu tagi undir lokin. Allra síðustu dagarnir eru svo „skertir dagar“ á skóladagatali sem þýðir að þá lýkur skóladeginum á hádegi.

Með lokum skólaársins styttest í skil á námsmati en eins og áður hefur verið kynnt munum við nú ekki prenta út vitnisburðarblöð nema fyrir útskriftarnemendur í 10. bekk. Aðrir nemendur munu geta nálgast námsmatsupplýsingar sínar á hæfnikortum í mentor eins og fyrir viðtalsdagana í janúar. Í haust kynntum við þessar breytingar en til að gefa færi á fyrirspurnum og umræðum vegna þessa bjóðum við til fræðslufundar um breytt námsmat þann 24. maí kl. 17:30 í sal skólans í Baugakór. Við minnum einnig á fræðslufund um netfíkn þriðjudaginn 15. maí kl. 20:00.

Með von um ánægjulega og árangursríka daga í lok skólaárs!

Ágúst Jakobsson skólastjóri

Sumardvöl dægradvala í grunnskólum Kópavogs

Sumardvöl dægradvalar Hörðuvallaskóla verður opin dagana 8. – 22. ágúst fyrir verðandi nemendur í 6 ára bekk. Sumardvölin er skipulögð í anda þeirrar stefnu að skapa bættu samfellu milli skólastiga. Markmið með sumardvölinni er að stuðla að vellíðan, öryggi og jákvæðri aðlögun nemenda að grunnskólanum. Er þar bæði átt við félagslega sem námslega áður en formlegt skólastarf hefst. Gert er ráð fyrir að börnin útskrifist úr sínum leikskóla fyrir sumarfrí og hefji aðlögun að næsta skólastigi í sumardvöl við sinn hverfisskóla.

Sumardvölin verður opin frá klukkan 8:00 að morgni til klukkan 16:00 síðdegis og geta foreldrar valið ólíkan dvalartíma yfir daginn. Tekið er á móti börnunum milli klukkan 8:00 og 9:00. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu og hressingu fyrir og eftir hádegi.

Gjald fyrir hádegisverð er 468 kr. á dag. Gjald fyrir hressingu er 276 kr. á dag.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 135 kr. Innheimt er eftir fjölda daga og tíma hvern dag samkvæmt skráningu. Sækja þarf um sumardvölinu í gegnum íbúagátt Kópavogs, <https://ibuagatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2f>

Skráningarfrestur er til 1. júní 2018.

Um skráningar í dægradvöl og mótuneyti

Júniopnun dægradvalar:

Hægt er að skrá börn í dægradvöl á skólaslitadag í umsókn fyrir aukadag í júní á íbúagátt. Innheimt er sérstaklega fyrir aukadag, en ekki skólaslitadag.

Umsóknarfrestur er til 20.maí.

Einnig er hægt að sækja núna um dægradvöl og mótuneyti fyrir næsta skólaár í íbúagáttinni.

Dægradvöl:

Dægradvalarumsóknir haldast ekki opnar milli skólaára. Dægradvalarumsóknum fyrir núliðandi skólaár verður lokað í lok skólaárs. Sækja þarf um dægradvöl á ný fyrir næsta skólaár.

Mötuneyti:

Allar mótuneytisumsóknir sem eru í gildi í dag haldast opnar milli skólaára þannig að þeir sem eru í áskrift í dag þurfa ekki að sækja um fyrir næsta skólaár. Að sama skapi þurfa þeir sem vilja hætta í áskrift að segja upp áskrift fyrir næsta skólaár.

Að flækjast í vefnum - fræðslufyrirlestur

Þann 15. maí kl. 20:00 verður fræðslufyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk um netfíkn í salnum í Baugakór. Um er að ræða fyrirlestur um hættur netsins með sérstaka áherslu á svokallaða "netfíkn" en rannsóknir benda til að sirka 12% reglulegra netnotenda



eigi á hættu að ánetjast notkun sinni. Börn og unglingar eru sérstaklega útsett fyrir þessum vanda og því mikilvægt að foreldrar skilji vandann og viti hvað best sé að gera í málinu. Nokkuð ljóst er að notið sé komið til að vera og því þýðir lítið að loka augunum fyrir því að þar geta leynst hættur eins og annarsstaðar. Við sendum börnin okkar ekki út í umferðina án þess að hafa kennt þeim umferðarreglurnar en við opnum oft heim netsins fyrir þeim án þess að skilja hann almennilega sjálf. Með réttri vitneskju og nálgun eiga allir að geta notið netsins og alls sem að það hefur upp á að bjóða án vandkvæða. Allir foreldrar eru boðnir velkomnir á fyrirlesturinn.



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	14. Gufusodin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Vorskóli hjá verðandi 1. bekk 14:00-15:30	15. Grænmetisbollur m/ brúnum grjónum og jógúrtsósu. Salatbar og ávextir. Vorskóli hjá verðandi 1. bekk 14:00-15:30 Fræðslufundur um netfíkn kl. 20:00	16. Afgangadagur. Salatbar og ávextir.	17. Heimalagaður plockfiskur m/ rúgbrauði. 6.b. - ferð í Reykholt	18. Úrbeinuð kjúklingalæri í grillmixi m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	19.
20.	21. Annar í hvítasunnu - FRÍ	22. Ítalskar hakkbollur m/ kartöflumús, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir. Skákmót 1.-3.b	23. Bláberjaskyr m/ rjóma-blandi og heilkorna-brauði m/ spægipyllu, skinku og smjöri. Ávextir. 3.b. í húsdýragarðinn Vorhátíð Foreldrafél.	24. Heimalagaður ofnbak-aður þorskur í karry-sósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir. 4.b - ferð um "gamla Kópavog"	25. Ungversk gúlassúpa m/ grænmeti, nautagúlassi og grófu snittubrauði. Ávextir. Fótboltamót hjá 7.b	26.
27.	28. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabbabarasultu. Salatbar og ávextir.	29. Lambagúllas í karry-sósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	30. Heitur pastaréttur m/ heilheitipastaskrúfum, skinku, grænmeti og ostasósu. Ávextir. 8.b á Þjóðminjasafnið 9.b. fer á Keili 10.b. í óvissuferð	31. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteilsósu tómatsósu. Salatbar og ávextir. 8.b fer á Helgafell 9.b. á Náttúrugripas. 10.b. í óvissuferð	1. júní Ostaslaufa og skyrdrykkur. Ávextir. Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00 1. bekkur í vorferð í Krika / Elliðavatn Fótboltamót hjá 8.-10.b	2.
3.	4. Hamborgarar Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00 Guðmundarlundur - Allir mæta 8:30 í Baugakór	5. Pylsur og safi Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00 Hörðuvallaleikar 5.-10.b	6. Pizza og safi Vordagur - skóla lýkur kl. 12:00 Vorferðir hjá 5.-7.b Hörðuvallaleikar 1-4b Útskrift 10.b. kl. 16:00	7. Skólaslit hjá 1.-9. bekk Dægradvöl opin	8. Starfsdagur Dægradvöl opin	

Kynningarfundur um námsmat

Í vor munum við ekki prenta út hin hefðbundnu vitnisburðarblöð heldur ein-göngu birta námsmat nemenda eins og það safnast saman á hæfnikortum nemenda í mentor. Vegna þessara breytinga á námsmati og framsetningu þess er boðið upp á kynningarfund um fyrirkomulag námsmats í skólanum **fimmtudaginn 24. maí kl. 17:30** í sal skólans í Baugakór. Þar verður farið yfir hugmyndir á bak við námsmat byggt á hæfniviðmiðum, útskýrt hvernig námsmat er birt í vor og hvernig námsmat er ákveðið við lok grunnskólanáms í 10. bekk.

Vorhátíð Foreldrafélagsins 23. maí kl. 17:00-19:00

Foreldrafélag Hörðuvallaskóla, í samstarfi við skólann, stendur fyrir hinni árlegu vorhátíð miðvikudaginn 23. maí kl. 17:00-19:00

Hátíðin hefst kl. 17:00 stundvíslega með tónum frá Skólahljómsveit Kópavogs

Hoppukastalar—Veltibíll—Pylsur og safi—Kökubasar

Fótbolti 10. bekkjar og starfsfólks og margt fleira



Hlökkum til að sjá sem flesta í sólskinsskapi

Nánar auglýst síðar!!

Stjórn foreldrafélagsins